

Ed.

49. Frumvarp

til laga um kaup á skuldum.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Þegar einstakur maður eða félag kaupir skuld eða skuldir til innheimtu, þannig að innheimtan snertir fleiri menn sameiginlega, skal hinn nýi skuldareigandi jafna innheimtuupphæðinni á alla skuldunautana eftir kaupverðinu, en í hlutfalli við nafnverð skuldanna. Síðan er skuldareiganda heimilt að innheimta hjá hverjum einstökum skuldunaut hans hlut af hinu nýfundna sannvirði skuldarinnar, að viðbættum 10% af þeirri upphæð fyrir áhættu við innheimtuna.

2. gr.

Nú gerir einhver skuldareigandi tilraun til að innheimta meira en honum ber samkvæmt fyrirmælum 1. gr. hjá skuldunaut, og skal skuldareigandi þá greiða þeim hrepps- eða bæjarsjóði, þar sem skuldunautur á heima, tífalda þá upphæð í sekt, er hann hefir ranglega ætlað að hafa af skuldunaut.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefir það orðið einskonar atvinnuvegur hjá nokkrum svokölluðum fésýslumönnum að kaupa fyrir lágt verð útistandandi skuldir atvinnufélaga eða verzlana, sem lent hafa í greiðsluþroti, og innheimta síðan, oft með mikilli hörku og ósanngirni, frumupphæð einstaklingsskuldanna hjá þeim, sem helzt er hægt að reyta af einhverjar fjaðrir. Hafa sumir þessir innheimtumenn rakað saman miklum fjármunum á þennan hátt, en um leið leitt hörmung og eyðilegging yfir fjölmörg heimili í landinu.

Á erfiðum tímum, eins og þeim, sem nú standa yfir, er sérstaklega mikil hætta á, að þessi rányrkja taki að blómgast, og hefir aldrei verið meiri þörf á en nú að vernda almenning fyrir þeirri hættu, er af henni stafar, og er að því stefnt með þessu frv.

Þegar um er að ræða innheimtu slíkra félagsskulda, sem hér um ræðir, væri eðlilegast, að hrepps- eða bæjarfélagið keypti skuldina með hæfilega niðursettu verði og innheimti hana sjálf, eða þá að skuldunautar sjálfir nytu hagnaðarins af niðursettu verði skuldanna. En þar sem þess er ekki kostur, þykir rétt, að löggjöfin taki í taumana til að vernda einstaklingana frá hinu rangláta fjártjóni, sem þeim er nú bakað með því að einstakir skuldunautar eru látnir greiða nafnverð sinna skulda, en ekki hlutfallslegt verð eftir kaupverðinu. En til að bæta hlut skuldheimtumanna nokkuð, meðan sú venja hélzt að krefja inn skuldir á þennan hátt, er hér lagt til, að skuldareigandi megi bæta 10% af sannvirði einstaklingsskuldarinnar við fyrir ómaki og áhættu við þær skuldir, sem ekki greiðast.